

Alþingi
Erindi nr. P 139/2467
komudagur 17.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2011.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu 139. löggjafarþing, þskj. 1221 – 702. Mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið haft framangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er lögð til heildarlög um skattlagningu á kolvetnisvinnslu. Laganefnd tekur almennt fram að ákvæði frumvarpsins mættu vera skýrari en telur sérstaklega ástæðu til að gera athugasemdir við eftirfarandi ákvæði þess.

2. gr. skilgreinir skattskylda aðila samkvæmt lögunum, þar eru tilgreindir aðilar sem hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis án þess að vísa til þess frekar við hvað er átt. Það er hins vegar gert í 3. gr. þar sem leyfishafi er skilgreindur með vísan til laga. Skýrara væri að skipta orðunum „...á þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis...“ út fyrir skilgreinda hugtakið „leyfishafi“ í 1. ml. 2. gr. frumvarpsins.

Þá er alveg opið hverjir aðrir geti talist til skattskyldra aðila, sbr. orðalagið „...öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í leit, rannsóknum...“ Miðað við orðalagið gæti t.d. fallið undir skilgreiningu skattskyldra aðila verkfræðistofa í Þýskalandi sem reiknaði út þykktir jarðlaga sem hluti rannsóknarvinnu sem og hvers kyns aðrir aðilar sem þjónusta Leyfishafa með beinum eða óbeinum hætti. Ástæða er til þess að afmarka betur hverjir geta talist til skattskyldra aðila samkvæmt 2. gr. frumvarpsins.

Loks ber að geta þess að 2. gr. skilgreinir skattskylda aðila en 8. gr. frumvarpsins gerir það líka. Samspil ákvæðanna tveggja er óljóst og til þess fallið að skapa óvissu.

3. gr. skilgreinir m.a. hugtakið tunna sem er grundvöllur gjaldheimtu samkvæmt öðrum greinum. Sá þáttur skilgreiningarinnar sem miðast við rúmmál virðist skýr en við hana er bætt „... eða samsvarandi magn af öðru kolvetni með sama orkuinnihaldi...“ Orkuinnihald jarðolíu kemur ekki fram í lögunum né heldur efnafræðileg skilgreining jarðolíu. Ástæða er til þess að skýra skilgreininguna betur, t.d. með því að tiltaka orkuinnihald frekar en að miða það við rúmmál jarðolíu, en ekki er hægt að ráða af lögunum um hvaða orkuinnihald ræðir.

4. gr. tilgreinir gjaldskyldu framleiðslugjalds, framleiðslugjaldið er skattur í skilningi laga. Þar segir að framleiðslugjald reiknist „... af verðmæti þess magns í tunnum talið sem [leyfishafi] vinnur árlega...“ Óljóst er hvað um ræðir, þ.e. hvort gjaldskylda miðist við verðmæti vinnslunnar og ef svo er af hverju er vísað til fjölda tunna eða hvort gjaldskylda miðist við fjölda tunna og ef svo er af hverju vísað er til vermætis. Ástæða er til að skýra þetta betur.

5. gr. kveður á um ákvörðun viðmiðunarverðs í skattskilum vegna framleiðslugjalds. Viðmiðunarverðið ákvarðar skattstofn í skilningi laganna. Vafasamt er að fela nefnd eða öðru stjórnvaldi að ákvarða skattstofninn m.t.t. 40. og 77. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Ástæða er til þess að kveðið sé endanlega á um skattstofninn í frumvarpsákvæðinu sjálfu.

Þá er samkvæmt 5. gr. ákvarðað viðmiðunarverð kolvetnis en væntanlega er verið að vísa til viðmiðunarverðs tunnu eins og hún er skilgreind í 3. gr. Ástæða er til þess að gæta samræmis í hugtakanotkun og skipta á hugtakinu kolvetni og tunnu í 5. gr.

6. gr. skilgreinir stærð framleiðslugjalds viðkomandi gjaldanda. Þar segir að gjaldið ákvarðist sem „...margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs...“. Til samræmis við 4. gr. væri ástæða til þess að bæta orðunum „í tunnum talið“ milli orðanna „magns“ og „og“ svo það sé ljóst hvernig gjaldið er reiknað út.

8. gr. tilgreinir aðila sem skattskyldir eru vegna sérstaks kolvetnisskatts, þar eru tilgreindir, auk leyfishafa, „aðrir iðilar sem hafa hlutdeild í slíkum tekjum“. Það er alveg óljóst hvaða aðra aðila geti verið um að ræða og með hvaða hætti þeir geti haft hlutdeild í tekjum leyfishafa svo skattskyldu varði. Ástæða er til að skýra þetta enda er það til mikillar óvissu fallið að skilgreina ekki nægilega hverjir hinir skattskyldu aðilar geti verið.

Loks ber að geta þess að 2. gr. skilgreinir skattskylda aðila og þessi 8. gr. frumvarpsins gerir það líka. Samspil ákvæðanna tveggja er óljóst og til þess fallið að skapa óvissu.

9. gr. skilgreinir skattstofn til sérstaks kolvetnisskatts. Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að tekjur vegna sölu kolvetnis skuli ekki vera lægri en reiknaðar samkvæmt viðmiðunarverði, þ.e. þó skattskyldur aðili hafi í raun lægri tekjur skal við skattstofn miðast við ímyndaðar tekjur miðað við viðmiðunarverð. Laganefnd lætur nægja að benda á að þetta ákvæði er mjög óvenjulegt og reiknar með því að Alþingi gæti að eignarétti skattskyldra aðila.

Í 3. mgr. greinarinnar er opin vísan til laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Slík tilvísun í svo flóknu umhverfi sem kveðið er á um í framvarpi þessu er til þess fallin að skapa umtalsverða óvissu um hvaða reglur gildi hverju sinni. Ástæða er til þess að vísa sérstaklega til þeirra reglna sem við á eða taka þær upp í frumvarp þetta.

10. gr. kveður á um frádráttarheimildir frá skattskyldum tekjum. Í 2. mgr. er kveðið á um takmörkun á frádráttarheimild vegna fjármagnskostnaðar. Látið er nægja að benda á að ákvæðið er óvenjulegt og takmarkar frádráttarbærni kostnaðar án tillits til raunverulegs vaxtakostnaðar, laganefnd reiknar með því að Alþingi gæti að eignarétti skattskyldra aðila.

Þá er fjármálaráðherra í 2. mgr. framselt vald til þess að breyta frádráttarheimildum skattskyldra aðila. Vafasamt er að fela ráðherra eða öðru stjórnvaldi að ákvarða frádráttarheimildir og þar með skattstofn m.t.t. 40. og 77. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Ástæða er til þess að kveðið sé endanlega á um frádráttarheimildir í frumvarpsákvæðinu sjálfu.

Í 3. mgr. er frádráttur vegna leigu af mannvirkjum og búnaði takmarkaður við „eðlilegar“ afskriftir og vexti miðað við nýtingartíma. Þrátt fyrir tilraun til að tengja „eðlilegar“ afskriftir og vexti við lög um tekjuskatt er verulega óljóst hvað miða skal við varðandi heimilan frádrátt vegna leigu. Ástæða er til að skýra þetta með fullnægjandi hætti.

Í 4. mgr. eru takmarkanir á frádráttarbærni vegna leigu á vinnuafl. Skilgreiningu skortir á því hvað telst til leigu vinnuafls.

Með vísan til framangreinds leggur laganefnd til að tilgreindum greinum frumvarpsins verði breytt til að draga úr óvissu um afleiðingar þeirra og að frumvarpið verði ekki samþykkt eins og það er lagt fyrir.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl.